

**Sþ.**

**460. Tillaga til þingsályktunar**

**[165. mál]**

um byggingu radióvita á Sauðanesi við Siglufjörð.

Flm.: Gunnar Jóhannsson, Skúli Guðmundsson, Einar Ingimundarson,  
Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að reistur verði öflugur radióviti á Sauðanesi við Siglufjörð.

**Greinargerð.**

Þingsályktunartillaga þessi er flutt samkvæmt ósk skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis, Siglufirði, og hefur félagið látið fylgja eftirfarandi greinargerð sem rökstuðning fyrir málinu.

**Fylgiskjal.**

Á undanförnum árum hefur skipstjóra- og stýrimannafélagið Ægir gert fundarsamþykktir um að vinna að því, að öflugur radióviti verði reistur á Sauðanesi við Siglufjörð. Félagið hefur flutt mál þetta á þingum F. F. S. Í. og fengið þar samþykktar jákvæðar samþykktir.

Einnig hefur félagið snúið sér til þingmanna Siglufjarðar með beiðni til þeirra um, að þeir beittu sér fyrir fjárveitingu á Alþingi til vitabyggingarinnar. Sömuleiðis hafa viðræður farið fram um málið við vitamálastjóra. Alls staðar hefur málaleitun þessari verið vel tekið, en þar við situr.

Ástæða fyrir þessari beiðni okkar er meðal margs annars sú, að radióviti sá, er á sínum tíma var reistur á Sauðanesi, var mjög lítil, aðeins 2 wött, og langdrægni hans því mjög lítil, þótt betri væri hann en enginn viti. En fyrir 4 árum var vitinn lagður niður og þá talinn ónýtur, þótt hann í sjómannaalmanakinu væri talinn starfandi þar til síðastliðins árs.

Á hafsvæðinu milli Strandagrunns að vestan og Grimseyjarsunds og Kolbeins-eyjar að austan eru svo að segja engar dýptarmælingar sýndar á sjókortum, þegar komið er út fyrir Skagagrunn. En á þessu hafsvæði er það, sem aðalsildveiðin fer fram á fyrri hluta sildarvertíðar og það allt að 130 sjómilum til hafs. Veiðiskipin lenda iðulega í þokum og súld dögum saman við leit sína að veiði, straumar og vindar hafa líka sín áhrif á, að staðsetning þeirra á leitarsvæðinu verður óákveðin. Ekkert er hægt að átta sig með dýptarmælingum, eins og áður segir. Skip, sem fá veiði, þurfa fljótt að komast til hafnar til að bjarga veiðinni frá skemmdum. En þar sem farastaður er óviss, tekur það oft langan tíma, og hafa undanfarin ár sýnt, að stórkostleg verðmæti hafa eyðilagzt vegna þess, hve skipum gekk erfiðlega að ná til hafnar.

Með byggingu radióvita á Sauðanesi eru þessi vandræði úr sögunni, þar sem skipin geta þá miðað vitann og siglt örugg í höfn.

Sama gildir um aðrar siglingar meðfram ströndinni, að skip gætu þá örugglega staðsett sig með miðunum án tillits til veðurs.

Um ferðir flóabátsins milli Akureyrar og Sauðárkróks væri viti þessi ómetanlegur. Svæðið milli Siglufjarðar og Skagafjarðar er mjög hættulegt í vondum veðrum vegna margra grunnhóla, sem brýtur á, og leiðin stórhættuleg í myrkri eða snjókomu vetrarmánaðanna. Radióviti á Sauðanesi væri til mikils öryggis fyrir ferðir þessar.

Eftir upplýsingum frá símastöðvarstjóra, Ottó Jørgensen, hefur ljósvitinn á Sauðanesi fengið nýja aflvél, svo að miklar líkur eru fyrir því, að næg orka sé fyrir hendi fyrir fullkominn radióviti á Sauðanesi.

Það eru því vinsamleg tilmæli vor til yðar, hr. alþingismaður, að þér beitið yður fyrir því, að málum þessum verði komið í framkvæmd sem allra fyrst og á þann hátt, sem þér teljið heppilegastan fyrir framgang málsins.

Siglufirði, 12. febrúar 1960.

F. h. skipstjórafélagsins Ægis, Siglufirði  
Sveinn Þorsteinsson.